

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012, norðan marka svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015, vegna svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 23. mars 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012, frá 2. nóvember 1993.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Svæði sem eru skilgreind „landbúnaður, ræktað land“ og „óbyggð svæði og útivistarsvæði“ breytast í landbúnaðarsvæði.
- Felldur er út verslunar- og þjónustusvæði í landi Svínavatns.
- Stofnana- og þjónustusvæði við Dalsmynni breytist í verslunar- og þjónustusvæði.
- Orlofs- og sumarbústaðasvæði breytist í frístundabyggðarsvæði. Afmörkun svæðanna við Dalsmynni, í Tindaskógi og Búrfellsskógi breytist. Frístundabyggðarsvæðum fjölgar og verða á Tindum, Stóra Búrfelli, Litla Búrfelli, Sólheimum, Svínavatni og Stekkjardal.
- Lóð Blönduvirkjunar breytist úr svæði opinberra stofnana í iðnaðarsvæði.
- Eftirtalin hverfisverndarsvæði eru skilgreind: Búrfell, Auðnufell, Grundartjarnir, Grettisskyrta, Svínavatn og hluti Fremri Laxár.
- Svæðum sem skilgreind eru sem opin svæði til sérstakra nota fjölgar og bætast við jörðin Gunnfríðarstaðir, svæði við Blönduvirkjun, svæði í landi Litla Búrfells og Sólheima og svæði í nánum tengslum við frístundabyggðarsvæði á Tindum, Stóra og Litla Búrfelli og Sólheimum. Svæði til síðari stækkunar ofan við Dalsmynni er felld út.
- Felldur er út nýr vegur við suðurenda Svínavatns.
- Felldar eru út staðfestar reiðleiðir á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Svínavatnshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 23. mars 2006.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.